

## Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur og Þuríðar Backman um flutning hættulegra efna.

1. *Hvaða reglur gilda hér á landi um flutning hættulegra efna, sem eld-, sprengi- og mengunarhætta stafar af, og eftirlit með honum?*

Hér á landi gildir reglugerð nr. 984/2000 sem byggist á svonefndum ADR-reglum. Vinnueftirlit ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðarinnar hvað varðar flokkun efna, viðurkenningu umbúða, prófanir og viðurkenningar sem krafist er í ADR-reglunum, svo og eftirlit með innflutningi hættulegra efna, sem eld-, sprengi- og mengunarhætta stafar af. Lögreglan hefur eftirlit með flutningi á hættulegum farmi á vegum, Siglingastofnun þegar um er að ræða flutning á sjó og Flugmálastjórn þegar um er að ræða flutninga í lofti. Aðkoma umhverfisráðuneytisins að flutningi hættulegra efna tengist fyrst og fremst brunavörnum. Í því skyni hefur ráðuneytið nýlega sett reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Ráðuneytinu er kunnugt um að ríkislögreglustjóri, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, er að láta undirbúa endurskoðun eftirlitsreglna varðandi flutning hættulegra efna.

Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi til flutnings á spilliefnum og hefur eftirlit með þeim þætti.

2. *Eru þær reglur sambærilegar því sem gildir annars staðar á Norðurlöndum?*

Svokallaðar ADR-reglur gilda ekki aðeins á Norðurlöndum heldur og á Evrópska efna-hagssvæðinu öllu.

3. *Hefur verið gerð úttekt á flutningi hættulegra efna um þéttbýli, göng og vegskála hér á landi?*

Slík úttekt fór fram á vegum nefndar sem starfaði á vegum dómsmálaráðuneytisins og skilaði skýrslu um það í nóvember árið 2002.

4. *Hefur ráðherra áætlanir um að herða eftirlit og láta gera hættumat vegna þessa?*

Engar fyrirætlanir eru uppi af hálfu umhverfisráðherra, en eins og áður greinir fellur eftirlitið að mestu leyti undir Vinnueftirlit ríkisins, lögregluna, Siglingastofnun og Flugmálastjórn en engin þeirra stofnana starfar á vegum umhverfisráðuneytisins.

5. *Hafa flutningar umræddra efna aukist á þjóðvegum landsins vegna minnkandi strand-siglinga og er fylgst með umfangi þeirra?*

Flutningar hafa aukist á undanförunum missirum á þjóðvegum landsins og hefur það kallað á frekara eftirlit með flutningabílum en samkvæmt umferðarlögum eru gerðar kröfur til búnaðar slíkra tækja og kunnáttu þeirra sem flytja slík efni.